

Kjarasamningur

milli

Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu

f.h. Hornbrekku í Ólafsfirði
og Fellsenda í Dalabyggð.

og

Samflots bæjarstarfsmannafélaga

f.h. Starfsmannafélags Fjallabyggðar
og Starfsmannafélagt Dala og Snæfellsnessýslu

með gildistíma

1. janúar 2020 til 31. mars 2023



Gildistími – afturvirkni og eingreiðslur



Bæjarstarfsmannafélagið
SAMFLOT

- Gildistími samnings 1. janúar 2020 til 31. mars 2023.
- Þann 1. ágúst 2019 var innágreiðsla upp á 105.000 kr. greidd vegna þáverandi samningsleysis frá 1. apríl 2019 og verður nú skilgreind sem eingreiðsla.
- Þann 1. maí 2020 verður önnur eingreiðsla, einnig að upphæð 105.000 kr., greidd vegna tímabils frá 1. ágúst til 31. des. 2019.
- Öll laun verða síðan endurreiknuð og leiðrétt frá gildistíma samningsins, þ.e. frá og með 1. janúar 2020

Launahækkanir



Bæjarstarfsmannafélagið
SAMFLOT

- Mánaðarlaun þeirra sem gegna fullu starfi hækka að grunnlaunum með eftirfarandi hætti:
- 1. janúar 2020 hækka laun um kr. 17.000 + 0,2% á launatöflu
- 1. apríl 2020 hækka laun um kr. 24.000
- 1. janúar 2021 hækka laun um kr. 24.000
- 1. janúar 2022 hækka laun um kr. 25.000
- Grunnlaun hækka samtals um rúmlega 90.000 kr. á samningstímanum.
- 15% til 30% á tímanum, fer eftir hvar í launastiganum

Félagsmannasjóður



Bæjarstarfsmannafélagið
SAMFLOT

- Stofnaður verður sérstakur Félagsmannasjóður með það að markmiði að jafna stöðu félagsmanna við aðra starfsmenn sveitarfélaga.
- Vinnuveitendur munu greiða sem samsvarar 1,24% af heildarlaunum í sjóðinn og úthlutun mun fara fram 1. apríl ár hvert.
- Fyrsta úthlutun verður 1. febrúar 2021, um 80.000 kr.

Starfsmenntamál



Bæjarstarfsmannafélagið
SAMFLOT

- Félagsmenn sem starfað hafa samfelld í 3 ár geta fengið launað leyfi í þrjú mánuði til að stunda viðurkennt starfsnám.
- Í störfum sem ekki gera kröfu um háskólapróf er heimilt að meta persónuálag fyrir BA/BS próf um allt að 12%.
- Í störfum sem gera kröfu um háskólapróf er heimilt að meta persónuálag vegna viðbótarmenntunar um allt að 16%.
- Skv. bókun mun Sambandið stefna að aðild að Fræðslusetrinu Starfsmennt þar sem fjöldi starfstengdra námskeiða verður í boði fyrir starfsmenn sveitarfélaga þeim að kostnaðarlausu.

Persónuuppbót

Desemberuppbót



Bæjarstarfsmannafélagið
SAMFLOT

Greiðist 1. desember ár hvert.

Á árinu 2019 115.850 kr.

Á árinu 2020 118.750 kr.

Á árinu 2021 121.700 kr.

Á árinu 2022 124.750 kr.

Persónuuppbót

Orlofsuppbót



Bæjarstarfsmannafélagið
SAMFLÓT

Greiðist 1. maí ár hvert.

Á árinu 2020 50.450 kr.

Á árinu 2021 51.700 kr.

Á árinu 2022 53.000 kr.

Orlof



Frá og með 1. maí 2021 verða allir búnir að ávinna sér 30 daga orlofsrétt óháð aldri miðað við fullt starf á orlofsárinu 1. maí 2020 – 31. apríl 2021.

Samræmd orlofsávinnsla verður reiknuð frá 1. jan. 2020 þar sem orlofsprósentan verður þá 13,04% hjá öllum starfsmönnum og orlofsdagar 2020 verða því eftirfarandi:

Yngri en 30 ára = 26 dagar

30-37 ára = 28 dagar

38 ára og eldri = 30 daga

Breyting á ákvæði: Lengin á orlofi sem tekið er að vetrartíma að beiðni yfirmanns fer úr 33% í 25%

Viðbót við grein um veikindi barna



Bæjarstarfsmannafélagið
SAMFLOT

Breyting verður á grein 12.8.1 um 12 daga veikindarétt vegna barna 0-12 ára þar sem nú má nýta þann rétt einnig vegna barna á aldrinum 13 - 16 ára í alvarlegum tilvikum sem leiða til sjúkrahúsvistar.

Stytting vinnuvikunnar úr 40 klst. í 36 klst.



Bæjarstarfsmannafélagið
SAMFLOT

Dagvinna:

- Skipa skal sameiginlegan vinnutímahóp félagsmanna og stjórnenda á hverri stofnun/sviði fyrir sig sem gerir tillögu að útfærslu styttingar.
- Samkomulag um nýtt vinnutímafyrirkomulag skal koma til framkvæmda sem fyrst en þó eigi síðar en 1. janúar 2021. Sjá dæmi í BSRB myndbandakynningu.
- Náist ekki samkomulag gildir 13 mín. stytting á dag eða 65 mín. á viku. Sjá dæmi B.
- Sjá dæmi í BSRB myndbandakynningu.

Yfirvinna 1 og 2 tekur gildi 1. október 2020



Bæjarstarfsmannafélagið
SAMFLOT

Með grundvallarbreytingu á vinnufyrirkomulagi og styttingu vinnuvikunnar er tekið upp tvískipt yfirvinnuálag. Markmiðið er að stytting vinnuvikunnar leiði ekki til aukinnar yfirvinnu heldur hækkunar á starfshlutfalli þar sem það á við.

- Yfirvinna 1 á dagvinnutíma kl. 08.00 - 17.00 mánudaga – föstudaga. Ný yfirvinnuprósentu 0,9385 af mánaðarkaupi.
 - Yfirvinna 2 utan dagvinnutíma kl. 17.00 - 08.00 mánudaga – föstudaga, 00.00 - 24.00 laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga. Óbreytt 1,0385% af mánaðarkaupi.
- Tímakaup yfirvinnu 2 greiðist jafnframt fyrir vinnu umfram 40 stundir á viku (173,33 stundir miðað við meðalmánuð).

Stytting vinnuviku vaktavinnufólks



Bæjarstarfsmannafélagið
SAMFLOT

- Markmiðið er að bæta starfsumhverfið og tryggja launagrunninn.
- Vinnuvika vaktavinnufólks skal að lágmarki styttast í 36 klst. og í allt að 32 klst. eftir vaktabyrði.
M.v. 36 klst. vinnuviku => 17,3 klst. á mán. / 2,1 vaktir á mán. / 1 mán. á ári
M.v. 32 klst. vinnuviku => 34,6 klst. á mán. / 4,3 vaktir á mán. / 2 mán. á ári
- Yfirvinnugreiðslur vegna óreglulegra matar- og kaffitíma verða felldar niður.
- Teknir verða upp *sérstakir* vaktahvatar sem hækka heildarlaun um 2,5%-12,5% eftir vaktabyrði.
- Stytting skal koma til framkvæmdar í síðasta lagi 1. maí 2021.
- Sjá nánar á kynningarmyndbandi.

Ýmis atriði

Lagfæringar á textum í greinum



Bæjarstarfsmannafélagið
SAMFLOT

Beri fyrstan dag mánaðar upp á frídag skal borga út laun síðasta virka dag.

Lækkað framlag í orlofssjóð um 0,1%.

Lækkað framlag í mannauðssjóð um 0,1%.

Tryggari greiðslur vegna ferðalaga með íbúa á heimilnu.

Upplýsingaskylda vinnuveitenda við nýráðningar um kjaratengd efni.

Heimilt er að ráða fólk tímabundið til starfa eftir 70 ára aldur en þó ekki lengur en til 72 ára.

Frítt fæði fyrir þá sem vinna í matstofu.

Leyfi frá störfum vegna mæðraskoðunar.

Bókanir á vegum BSRB s.s. um veikindarétt, vegna mismunar v/ aldurs, og launaþróunartryggingu.

Samningsforsendur



- Komi til þess að samkomulag náist á almennum vinnumarkaði um breytingu á kjarasamningum þeirra, svo sem vegna hagvaxtarauka, skulu aðilar taka upp viðræður um hvort og þá með hvaða hætti slík breyting taki gildi gagnvart samningum aðila.
- Verði kjarasamningum á almennum vinnumarkaði sagt upp á grundvelli forsenduákvæðis þeirra á gildistíma samnings þessa er hvorum samningsaðila heimilt að segja samningnum upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót.

Atkvæðagreiðsla



- Kosið verður um kjarasamninginn með rafrænum hætti og hefst kosningin 27. apríl kl. 12:00 og lýkur kl. 10:00 þann 1. maí nk. Niðurstaða atkvæðagreiðslu er bindandi. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 13:00 þann 1. maí 2020 skoðast hann samþykktur.

Allir að kjósa!